

FLOKKUN OG MÓTTAKA

ÚRGANGS FRÁ REKSTRARAÐILUM



EFNISYFIRLIT

Auknar kröfur, betri þjónusta	3
Skilvirk úrgangsstjórnun – allra hagur	4
Endurvinnslustöðvar	6
Góði hirðirinn	7
Móttöku- og flokkunarstöð	8
Skrifstofa	9
Urðunarstaður	10
Fræðsla	11
Yfirlitskort yfir starfsstöðvar	12
Yfirlit yfir úrgangsflokka og farvegi úrgangs	14
Úrgangsskilgreiningar	16-50

Nýtt í þessari útgáfu!

- Endurvinnslan hf. hættir móttöku á skilgjaldsskyldum umbúðum á endurvinnslustöðvunum á Sævarhöfða og Dalvegi.

SORPA



SORPA bs
Gylfaflöt 5
112 Reykjavík
Sími: 520 2200
Bréfsími: 520 2209

www.sorpa.is

Útgáfunúmer: 6.0

Útgefið: 7. nóvember 2012

Útgefandi: SORPA bs

Verkefnastjórn: Bjarni Gnýr Hjarðar

Umsjón: Ragna I. Halldórsdóttir

Ráðgjöf: Michele Rebori, Z.is ehf

Ljósmyndir: Gyða S. Björnsdóttir, Binni, Arnaldur Halldórsson, Páll Stefánsson o.fl.

Grafísk útfærsla og umbrot: Gyða S. Björnsdóttir, Sögumiðlun ehf

Framkvæmdastjóri SORPU



Björn H. Halldórsson
bjorn.halldorsson
@sorpa.is
Sími: 520 2200

Auknar kröfur um rekjanleika úrgangs krefjast nákvæmrar skráningar við móttöku úrgangs. SORPA innleiddi á 20 ára starfsafmæli sínu skýrar reglur um flokkun og móttöku úrgangs samtímis fullkomnara vörunúmerakerfi sem tryggir réttar upplýsingar um eðli, uppruna og ráðstöfun úrgangs.

SORPA leggur áherslu á að leita skynsamlegustu leiða í meðhöndlun úrgangs og flokkun efna til endurvinnslu, með hagkvæmni og langtímahagsmuni samfélagsins að leiðarljósi.

Forsenda endurnýtingar og endurvinnslu er vönduð flokkun úrgangs, sem skilar hráefni í nýjar vörur. Þannig er dregið úr ágangi á náttúruauðlindir og landnotkun vegna urðunar ásamt því að verðmæti bjargast.

Við getum öll stuðlað að aukinni endurvinnslu og bættu umhverfi með því að fylgja leiðbeiningum sem hér er að finna.

Byggðasamlagið SORPA – almannaeign

SORPA annast lögboðið hlutverk um meðhöndlun úrgangs fyrir sjö sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörð, Kópavog, Seltjarnarnes, Mosfellsbæ, Garðabæ og Alftanes. SORPA rekur endurvinnslustöðvar fyrir sveitarfélögin, móttöku- og flokkunarstöð, urðunarstað og Góða hirðinn, nytjamarcað SORPU og líknarfélag. Einnig hefur SORPA umsjón með grenndargámum fyrir pappír- og plastúrgang.

Samræmdar litaskilgreiningar, einfaldara kerfi

Lagt er til að meginflokkar úrgangs fylgi litastaðlinum RAL-GZ 951/1 samanber efri töflu (sjá nánar á samlausn.is). Í neðri töflu eru litir sem hafa verið skilgreindir af SORPU til viðbótar. Litanotkun má sjá á mynd með yfirliti allra flokka og á jöðrum blaðsíða.

Litur	RAL litanúmer	Úrgangsflokkur/-ar
Grár	7016	Blandaður úrgangur og litgreinikerfi
Grænn	6011	Endurvinnsluefni og plast
Brúnn	8025	Lífrænn úrgangur til jarðgerðar
Blár	5015	Pappír og pappi
Gulur	1016	Sóttmengaður úrgangur (er léttar umbúðir í RAL)
Rauður	3020	Spilliefni
Appelsínugulur	2008	Málmur (er óskilgreint í RAL)
Hvítur	9003	Gler (er sóttmengað eða hvítt gler í RAL)

Litur	RAL litanúmer	Úrgangsflokkur/-ar
Fjólublár	4004	Skilagjaldsskyldar umbúðir
Bleikur	3014	Nytjahlutir, föt og klæði, skór, kertaafgangar
Ljósblár		Timbur – ekki hvítmálað/plasthúðað
Ljósbrúnn	1011	Húsdýraúrgangur, hrat, seyra, mjöl
Ljósgrár	7004	Óbagganlegur úrgangur
Grár	7024	Óflokkaður úrgangur

Vottaðir ferlar – allra hagar


Á árinu 2011 hlaut SORPA vottun á gæðastjórnunarkerfi skv. alþjóðlegum staðli ISO 9001, fyrsta fyrirtækið á sviði úrgangsstjórnunar á Íslandi.

SORPA hvetur heimili og rekstraraðila til að nýta þjónustu byggðasamlagsins og flokka og skila úrgangi til starfsstöðva þess. Í mörgum tilfellum er það hagstæðasta lausnin til að losna við úrgangsefni því draga má úr kostnaði með vandaðri flokkun úrgangsins áður en honum er skilað í öruggan farveg hjá SORPU.

Á næstu síðu má sjá hvernig SORPA stjórnar úrgangsfærðum að, innan og frá fyrirtækinu.



SKILVIRK ÚRGANGSSTJÓRNUN – ALLRA HAGUR



ÖRVAR tákna flæði úrgangs og endurvinnslufna frá heimilum og rekstraraðilum, til SORPU, milli starfsstöðva SORPU og frá SORPU til annarra endurvinnsluaðila.

LITIR ÖRVA merkja mismunandi úrgangsflokka og eru þeir sömu og notaðir eru í flokkunarreglum.

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Endurvinnslustöðvar í umsjón SORPU eru sex talsins á höfuðborgarsvæðinu og má sjá staðsetningu þeirra á korti á bls. 12. Þar geta fyrirtæki og íbúar svæðisins komið með úrgang til endurvinnslu og/eða förgunar. Endurvinnslustöðvarnar voru heimsóttar um 720.000 sinnum á árinu 2011. Kostnaður vegna reksturs endurvinnslustöðva er greiddur af sveitarfélögum.

Úrgangur skal vera flokkaður við skil á endurvinnslustöð í samræmi við reglur sem fram koma í bæklingnum. Rúmmálsminnkun úrgangsins þýðir betri nýtingu gáma, minni akstur og minni umhverfisáhrif.

● Gjaldfrjáls úrgangur

Rekstraraðilar greiða ekki fyrir hluta endurvinnsluefna, t.d. bylgjupappa, málma og raf- og rafeindabúnað.

🌀 Gjaldskyldur úrgangur

Á endurvinnslustöðvum SORPU er greitt eftir rúmmáli úrgangs samkvæmt gjaldskrá (kr/m³). Starfsmaður mælir umfang úrgangsins, skráir hann í viðeigandi flokk með þráðlausum búnaði og innheimtir greiðslu.

Gjaldskráin gildir fyrir fyrstu 2 m³ í hverri ferð og er minnsta mælieining 0,25 m³. Fyrir magn umfram 2 m³ reiknast hver rúmmálsening umfram 2 m³ tvöfalt.

Dæmi: 3 m³ = 2 m³ x 3.560 kr + 1 m³ x 7.120 kr.
(Miðað við gjaldskrá 1.1.2012)

Bent er á að hagkvæmara getur verið að losa stærri farma í móttöku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi eða á urðunarstað í Álfsnesi.

Unnið er að innleiðingu rafrænna inneignakorta sem munu koma í stað klippikorta, sjá nánar á sorpa.is.



Skilagjaldsskyldar drykkjarvöruumbúðir

Tekið er við töldum og flokkuðum umbúðum að hámarki 1000 einingum í hverri afgreiðslu. Aðeins er greitt inn á debetkort.

Athugið að ekki er tekið við skilagjaldsskyldum umbúðum á endurvinnslustöðvum á Sævarhöfða og Dalvegi.

Gjaldskrá endurvinnslustöðva er að finna á heimasíðu SORPU, sorpa.is.

Almennar upplýsingar um endurvinnslustöðvar

STAÐSETNING OG GPS-HNIT

Ánanaust, Reykjavík
64° 09'117 N - 21° 57'144 W

Jafnasel 8, Reykjavík
64° 05'525 N - 21° 49'329 W

Sævarhöfði 21, Reykjavík
64° 07'502 N - 21° 50'021 W

Breiðhella 8-10, Hafnarfirði
64° 02'449 N - 21° 59'491 W

Dalvegur 1, Kópavogi
64° 06'202 N - 21° 52'285 W

Blíðubakki Mosfellsbæ
64° 10'223 N - 21° 41'424 W

AFGREIÐSLUTÍMI

Mán - fös: 12.30 - 19.30
Laugardaga: 12.00 - 18.30
Sunnudaga: 12.00 - 18.30

Stöðin við Breiðhelli opnar kl. 8.00 mánudaga til föstudaga.

LOKAÐ á stórhátíðum.

ÁBENDINGAR OG FYRIRSPURNIR

Símanúmer hjá vakthafandi umsjónarmanni endurvinnslustöðva og grenndargáma er **660 2249**.

Hægt er að senda ábendingar og fyrirspurnir í gegnum heimasíðuna, sorpa.is.

Tengiliðir

Rekstrarstjóri



Ásmundur Reykdal
asmundur.reykdal@sorpa.is
Sími: 520 2200

Umsjónarmaður



Steinunn Jónsdóttir
steinunn.jonsdottir@sorpa.is
Sími: 520 2200

Umsjónarmaður



Stefán Örn Einarsson
stefan.einarsson@sorpa.is
Sími: 520 2200

EIN STÆRSTA OG FULLKOMNASTA ENDURVINNSLUSTÖÐ Í EVRÓPU ER VIÐ BREIÐHELLU Í HAFNARFIRÐI



Litir gáma merkja mismunandi úrgangsflokka og eru þeir sömu og notaðir eru í flokkunarreglum.

GÓÐI HIRÐIRINN



Gamalt fyrir þér – nýtt fyrir öðrum

Á endurvinnslustöðvum SORPU eru gámur frá Góða hirðinum hvar hægt er að gefa nothæfa hluti, allt frá húsgögnum og raftækjum til leikfanga, bóka, smáhluta o.fl. Ágóði af sölu muna í Góða hirðinum rennur til góðgerðar- og líknarmála og hefur 120 milljónum króna verið úthlutað á árunum 1996-2011.

Ekki er tekið við hlutum beint í Góða hirðinn nema í

sérstökum tilfellum og þá að höfðu samráði við verslunarstjóra.

Mikilvægt er að pakka hlutum vandlega svo þeir skemmist ekki í flutningum. Föt og skór fara í fata- og skógáma á endurvinnslustöðvum SORPU.

Endurnot hluta er besta form endurvinnslu – velkomin í Góða hirðinn.

Almennar upplýsingar

STAÐSETNING OG SÍMANÚMÉR

Góði hirðirinn
Fellsmúla 28,
108 Reykjavík
Hnit: 64° 7,847 N - 21° 52,652 W
Sími: 562 7570



AFGREIÐSLUTÍMI

Mán - fös: 12.00 - 18.00
Laugardaga: LOKAÐ
Sunnudaga: LOKAÐ

ÁBENDINGAR OG FYRIRSPURNIR

Hægt er að senda ábendingar og fyrirspurnir í gegnum heimasíðuna, sorpa.is.



Verslunarstjóri

Friðrik Ragnarsson
fridrik.ragnarsson@sorpa.is
Sími: 562 7570



Aðstoðarverslunarstjóri

Sigrún Björg Vikingur
sigrun.bjorg@sorpa.is
Sími: 562 7570

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Í móttöku- og flokkunarstöð SORPU er úrgangur með höndlaður og honum komið í endurnýtingu eða förgun. Hagstæðara er fyrir viðskiptavinum að skila flokkuðum úrgangi en vönduð flokkun leiðir til betri nýtingar á hráefnum og stuðlar að bættu umhverfi.

Endurheimt málma úr úrgangi

Grófur úrgangur og blandaður heimilisúrgangur eru hakkaðir í móttökustöð svo hægt sé að endurheimta málma úr úrgangi með vélrænni flokkun og bjarga þannig verðmætum frá urðun. Slík vinnsla er einsdæmi á Íslandi og leiðir jafnframt til enn frekari rúmmálsminnkunar við pressun og böggun úrgangs og gerir flutning og urðun hagkvæmari.

Leiðandi í endurvinnslu pappírs

SORPA hefur ávallt lagt áherslu á að leita skynsamlegustu leiða í flokkun efna til endurvinnslu, með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Í tuttugu ára samstarfi við eitt stærsta fyrirtæki í Evrópu á sviði endurvinnslu pappírsefna, IL-Recycling í Gautaborg, hefur SORPA innleitt nýja aðferð sem felst í að safna saman öllum pappír, dagblöðum, fernum, sléttum pappa og bylgjupappa og flokka síðan með vélrænum hætti. Þannig næst betri flokkun, það er þægilegra fyrir notendur og ódýrara fyrir almenning.

Móttaka úrgangs

1. Farið á innvigt við móttöku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi. Vigtarhlið opnast sjálfvirkt fyrir viðskiptavinum með viðskiptakort, en aðrir fá tímabundið viðskiptakort í lúgu vigtarhúss.
2. Viðskiptavinur fer að **hurð 3** þar sem starfsmaður SORPU tekur á móti viðskiptakortinu.
3. Viðskiptavinur skal veita upplýsingar um uppruna og eðli úrgangs og staðfestir starfsmaður í móttöku- og flokkunarstöð skráninguna.
4. Farið á aðra hvora vigtina á leið út. Hliðið opnast sjálfvirkt eftir lestur viðskiptakorts. Viðskiptavinir með tímabundið viðskiptakort fara á vigt næst vigtarhúsi og ganga frá afgreiðslu.

Viðskiptavinir greiða fyrir úrgang eftir þyngd (kr/kg), samkvæmt gjaldskrá. Gjaldskrá móttöku- og flokkunarstöðvar er að finna á heimasíðu SORPU, sorpa.is.

Viðskiptavinum sem eru í reglulegum viðskiptum við SORPU er bent á að hægt er að sækja um viðskiptakort á sorpa.is. Sjá nánar á bls. 9.

Almennar upplýsingar um móttöku- og flokkunarstöð

STAÐSETNING OG SÍMANÚMÉR

Móttöku- og flokkunarstöð SORPU
Gufunesi, 112 Reykjavík
Hnit: 64° 9,059 N - 21° 48,983 W

Sími: 520 2200
Fax: 520 2219

AFGREIÐSLUTÍMI

Mán - fös: 07.30 - 17.00
Laugardaga: LOKAÐ, nema fyrir
viðskiptavinum með viðskiptakort
frá 08.00 - 11.00.
Sunnudaga: LOKAÐ

ÁBENDINGAR OG FYRIRSPURNIR

Hægt er að senda ábendingar og fyrirspurnir í gegnum heimasíðuna, sorpa.is.

Tengiliðir

Stöðvarstjóri



Jón Ólafur Vilhjálmsson
jon.vilhjalms@sorpa.is
Sími: 520 2200

Verkstjóri



Ásmundur Jónsson
asmundur.jonsson@sorpa.is
Sími: 660 2217

Aðstoðarverkstjóri




Sigurður Jón Guðmundsson
sigurdur.gudmundsson@sorpa.is
Sími: 660 2215

**Vantar þig
leiðsögn í
úrgangsmálum?**

Við veitum
gjarnan
aðstoð!

GRUNNMYND AF MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐINI Í GUFUNESI



SKRIFSTOFA

Viðskiptasamningar

Á skrifstofu SORPU er m.a. gengið frá samningum um reglubundin viðskipti. Staðgreiðsla er helsti greiðslumáti í viðskiptum við SORPU en viðskiptavinir sem eru í reglulegum viðskiptum geta sótt um lánsviðskipti í formi viðskiptakorts. Þá greiða viðskiptavinir mánaðarlega

úttekt eftir á, samkvæmt reikningi. Ef lánsviðskiptin eru samþykkt er útbúið kort fyrir viðskiptavin sem hann fær til afnota og ber ábyrgð á.

Hægt er að sækja um viðskiptakort SORPU á heimasíðu fyrirtækisins, sorpa.is.

Almennar upplýsingar

STAÐSETNING OG SÍMANÚMÉR

Skrifstofa SORPU
Gufunesi, 112 Reykjavík
Hnit: 64° 9,059 N - 21° 48,983 W

Sími: 520 2200
Fax: 520 2209

Netfang: sorpa@sorpa.is
Veffang: sorpa.is

AFGREIÐSLUTÍMI

Mán - fös: 8.20 - 16.15
Laugardaga: LOKAÐ
Sunnudaga: LOKAÐ

ÁBENDINGAR OG FYRIRSPURNIR

Hægt er að senda ábendingar og fyrirspurnir í gegnum heimasíðuna, sorpa.is.



Skrifstofustjóri

Sigríður B. Einarsdóttir
sigridur.bjorg.einarsdottir@sorpa.is
Sími: 520 2200

Urðunarstaður SORPU í Álfsnesi er stærsti og þróaðasti urðunarstaður landsins. Þangað er fluttur baggaður úrgangur til urðunar sem og ýmis annar úrgangur til endurvinnslu, t.d. steinefni.

Bifreiðaeidsneyti úr sorpi

Í sorphaugum myndast hauggas sem er blanda af koltvísýringi (CO₂) og metani (CH₄) við niðurbrot lífræns efnis. Metanið í hauggasinu er orkuríkt en einnig slæm gróðurhúsalofttegund.

Í samræmi við umhverfisstefnu fyrirtækisins er hauggasi safnað, það hreinsað og notað sem bifreiðaeidsneyti og er Álfsnes eini staðurinn í heiminum þar sem slíkt er gert. Í starfsleyfi urðunarstaðarins segir „söfnun og vinnsla á hauggasi telst endurnýting“ og dregur því úr umhverfis-áhrifum í réttu hlutfalli við vinnslu metans sem ökutækjaeidsneytis. Árið 2011 jafngildi eldsneytisframleiðslan um 1,5 milljón bensínlíturum.

Stöðugar umbætur

Sífelld er leitað betri aðferða við rekstur urðunarstaðar og meðhöndlun úrgangs. Í desember 2011 var til að mynda tekin í notkun ný móttaka fyrir lyktarsterkan úrgang. Með því er komið til móts við þörf á bættri aðstöðu fyrir viðskiptavinum og starfsmenn ásamt því að dreifing lyktarefna frá urðunarstaðnum minnkar. Við þetta næst jafnframt nákvæmara eftirlit á innihaldi farma og aukin skilvirkni. Sjá nánar á sorpa.is.

Móttaka úrgangs

1. Þegar komið er á urðunarstað SORPU er fyrst farið yfir vigt þar sem starfsmaður urðunarstaðar tekur á móti viðskiptavini.
2. Viðskiptavinum ber að veita upplýsingar um eðli og uppruna úrgangs.
3. Starfsmaður SORPU fylgir viðskiptavini á losunarstað og staðfestir flokkun.
4. Á leiðinni út er aftur farið yfir vigt og gengið frá afgreiðslu.

Viðskiptavinir greiða fyrir úrgang eftir þyngd (kr/kg), samkvæmt gjaldskrá. Gjaldskrá urðunarstaðar er að finna á heimasíðu SORPU, sorpa.is.

Sérstakt álagsgjald er lagt á ef úrgangur og/eða afhending er ekki í samræmi við móttökuskilyrði.

Viðskiptavinum sem eru í reglulegum viðskiptum við SORPU er bent á að hægt er að sækja um viðskiptakort á sorpa.is. Sjá nánar á bls. 9.

Almennar upplýsingar um urðunarstaðinn

STAÐSETNING OG SÍMANÚMÉR

Urðunarstaður SORPU
Álfsnesi, 116 Reykjavík
Hnit: 64° 11,464 N - 21° 44,566 W

Sími: 520 2245
Fax: 520 2240

AFGREIÐSLUTÍMI

Mán - fös: 08.00 - 17.00
Laugardaga: 08.00 - 12.00
Sunnudaga: LOKAÐ

ÁBENDINGAR OG FYRIRSPURNIR

Vaktsími á urðunarstað er **660 2208**.

Hægt er að senda ábendingar og fyrirspurnir í gegnum heimasíðuna, sorpa.is.

Tengiliðir

Yfirverkfræðingur þróunar- og tæknideildar



Bjarni Gnýr Hjarðar
bjarni.hjardar@sorpa.is
Sími: 520 2200

Staðarstjóri




Guðmar Finnur Guðmundsson
gudmar.gudmundsson@sorpa.is
Sími: 660 2210

Sviðsstjóri urðunar



Skúli Skúlason
skuli.skulason@sorpa.is
Sími: 660 2209

YFIRLITSMYND AF URÐUNARSTAÐNUM Í ÁLFNESI



FRÆÐSLA

Umhverfis- og fræðsludeild sér um upplýsingagjöf og fræðslu, s.s. móttöku hópa, svörum fyrirspurna, útgáfu fræðsluefnis o.s.frv.

Fræðsluferðir fyrir grunn- og leikskóla

SORPA býður fræðsluferðir fyrir grunnskóla og leikskóla á höfuðborgarsvæðinu og hafa um 45.000 nemendur notið slíkrar fræðslu á fyrstu 20 starfsárum fyrirtækisins. Markmið fræðslunnar er að kynna börnunum hvernig

draga megi úr úrgangi og mikilvægi flokkunar og endurvinnslu. Nemendur fá innsýn í starfsemi SORPU, hvað hægt er að flokka og til hvers. Notast er við kennslu-aðferðir sem henta viðkomandi aldursflokki. Boðið er upp á tvennskonar fræðsluferðir: ferð sem fer fram á skrifstofu og móttöku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi og tekur um 1 klst eða fræðsluferð á endurvinnslustöð sem tekur um 30 mín. Nánari upplýsingar um tilhögun ferða er á sorpa.is.

STAÐSETNING OG SÍMANÚMÉR

Skrifstofa SORPU
Gufunesi, 112 Reykjavík
Hnit: 64° 9,059 N - 21° 48,983 W

Sími: 520 2200
Fax: 520 2209

Netfang: sorpa@sorpa.is
Veffang: sorpa.is

AFGREIÐSLUTÍMI

Mán - fös: 8.20 - 16.15
Laugardaga: LOKAÐ
Sunnudaga: LOKAÐ

ÁBENDINGAR OG FYRIRSPURNIR

Hægt er að senda ábendingar og fyrirspurnir í gegnum heimasíðuna, sorpa.is.



Deildarstjóri umhverfis- og fræðsludeildar/ gæðastjóri

Ragna I. Halldórsdóttir
ragna.halldorsdottir@sorpa.is
Sími: 520 2200




Umhverfis- og fræðslufulltrúi

Erla H. Helgadóttir
erla.helgadottir@sorpa.is
Sími: 520 2200

AUKNAR KRÖFUR, BETRI ÞJÓNUSTA

Starfssvæði SORPU og póstnúmer á höfuðborgarsvæðinu



SORPA Endurvinnslustöðvar


Grenddargámar

SORPA Móttöku- og flokkunarstöðin Gufunesi

SORPA Urðunarstaðurinn Álfsnesi


Góði hirðirinn

Tekið við skilgjalds- skyldum umbúðum í áhaldahúsinu við Vallargrund á Kjalarnesi



sorpa.is

Mælikvarði: 1:60.000



SAMSÝN

apríl 2011

SORPA
Breidhella

170
Seltjarnarnes

SORPA
Ánanaust

107

101
Reykjavík

225
Álftanes

200
Kópavogur

201

210
Garðabær

220

Hafnarfjörður

221

Hafnarfjörður

104

SORPA
Sævarhöfði

110

111

210
Garðabær

203
Kópavogur

SORPA
Urðunarstaðurinn
Álfsnesi

116
Reykjavík

SORPA
Blíðubakki

270
Mosfellsbær

112

113
Reykjavík

271

110
Reykjavík

110
Reykjavík

BLANDA AF PAPPÍR, UMBÚÐUM ÚR SLÉTTUM PAPPA OG BYLGJUPAPPA



Hvernig á að flokka?

Í flokkinn má setja öll dagblöð, tímarit, auglýsingapóst, prent- og ljósritunarpappír, kassakvittanir, hreinar og tómar umbúðir úr sléttum pappa og bylgjupappa, t.d. fernur, morgunkornspakka, pappakassa, pítsukassa, eggjabakka, pakkningar utan af matvælum og öðrum varningi o.s.frv. Pressið umbúðirnar vel saman. Það sparar pláss og dregur úr akstri. Athugið að rífa kápu af harðspjaldabókum. Hefti og smærri gormar mega fara með.

Svo ekki komi ólykt við geymslu skal skola fernur vel. Mikilvægt er að fjarlægja allar matarleifar eða plastumbúðir sem kunna að leynast í pappumbúðum. Losið því blöðin úr plastpokum eða öðrum umbúðum og settið þau laus í gáminn. Aðskotahlutir rýra endurvinnslugildi pappírsins!

Athugið að bylgjupappa er einnig safnað sér og greitt er fyrir skil háð magni í móttöku- og flokkunarstöð.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR



Í gám nr. 11



Gjaldskylt (kr/m³)

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Blanda af pappír og umbúðum úr sléttum pappa og bylgjupappa (vnr. 1401920)

- Gjaldfrjálst/-skylt – háð verði endurvinnsluefna á mörkuðum og úrvinnslugjaldi

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!



Allur pappír í eina tunnu!
Kynntu þér blátunnuvæðingu sveitarfélaga á blatunna.is

Hvað verður um efnið?

Efnið er flokkað vélrænt í móttöku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi til að aðskilja bylgjupappa frá sléttum pappa og pappír. Efnið er pressað og baggað og síðan flutt til Svíþjóðar til frekari flokkunar og endurvinnslu.

Úr endurunnum pappír og pappa er t.d. framleiddur salernispappír, eldhúspappír, dagblaðapappír og karton sem notað er til að útbúa nýjar umbúðir. Úr endurunnum bylgjupappa er framleiddur nýr bylgjupappi.

DAGBLÖÐ OG TÍMARIT



Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer ýmis pappír, s.s. dagblöð, tímarit, auglýsingabæklingar, prent- og ljósritunarpappír, kassakvittanir o.s.frv. án aðskotahluta. Hefti og smærri gormar mega fara með.

Athugið að fjarlægja ber aðskotahluti, t.d. plast.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR



Ekki sér flokkur – fer með öðrum pappír í gám nr. 11



Gjaldskylt (kr/m³)

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Dagblöð og tímarit (vnr. 1402220)

- Gjaldfrjálst/-skylt – háð verði endurvinnsluefna á mörkuðum og úrvinnslugjaldi

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

Hvað verður um efnið?

Efnið er pressað og baggað í móttöku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi til að draga úr rúmmáli. Það er síðan flutt til Svíþjóðar til frekari flokkunar og endurvinnslu.

Úr endurunnum pappír er t.d. framleiddur salernispappír, eldhúspappír og dagblaðapappír.




Hvernig á að flokka?


Í flokkinn fer allur pappír sem ekki ber úrvinnslugjald, þ.e. prent- og ljósritunarpappír, afskurður frá prentsmiðjum o.þ.h, án aðskotahluta. Hefti og smærri gormar mega fara með.

Aðskotahlutir rýra endurvinnslugildi pappírsins!

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

 Ekki sér flokkur – fer með öðrum pappír í gám nr. 11

 Gjaldskylt (kr/m³)

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Skrifstofupappír og hvítur afskurður (vnr. 1401820)

- Gjaldfrjálst/-skylt – háð verði endurvinnsluefna á mörkuðum og úrvinnslugjaldi

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

Hvað verður um efnið?

Efnið er pressað og baggað í móttöku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi til að draga úr rúmmáli. Það er síðan flutt til Svíþjóðar til frekari flokkunar og endurvinnslu.

Úr endurunnum pappír er t.d. framleiddur salernispappír, eldhúspappír og dagblaðapappír.

TRÚNAÐARSKJÖL





Hvernig á að flokka?

Ekki er tekið á móti trúnaðarskjölum sérstaklega til eyðingar. Skjöl og tætt skjöl mega fara með blönduðum pappír eða skrifstofupappír.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

 Ekki sér flokkur – fer með öðrum pappír í gám nr. 11

 Gjaldskylt (kr/m³)

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki sér flokkur – fer í flokkinn:

Skrifstofupappír og hvítur afskurður (vnr. 1401820)

- Gjaldfrjálst/-skylt – háð verði endurvinnsluefna á mörkuðum og úrvinnslugjaldi

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

Hægt er að skila trúnaðarskjölum til viðurkenndra móttökuaðila sem sérhæfa sig í eyðingu gagna.

Hvað verður um efnið?

Efnið er pressað og baggað í móttöku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi til að draga úr rúmmáli. Það er síðan flutt til Svíþjóðar til frekari flokkunar og endurvinnslu.

Úr endurunnum pappír er t.d. framleiddur salernispappír, eldhúspappír og dagblaðapappír.

UMBÚÐIR ÚR SLÉTTUM PAPPA




Hvernig á að flokka?

Í flokkinn má fara allur sléttur pappi sem ber úrvinnslugjald, þ.e. allar umbúðir, fernur o.þ.h. Pressið umbúðirnar vel saman. Það sparar pláss og dregur úr akstri.

Athugið að fjarlægja þarf aðskotahluti, t.d. plast eða matarleifar. Svo ekki komi ólykt við geymslu skal skola fernur vel áður en þeim er skilað.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

 Ekki sér flokkur – fer með öðrum pappír í gám nr. 11

 Gjaldskylt (kr/m³)

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Umbúðir úr sléttum pappa
(vnr. 1401715)

- Gjaldfrjálst – endurgreiðsla háð magni (kr/kg)

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

Hvað verður um efnið?

Efnið er pressað og baggað í móttöku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi til að minnka rúmmál og síðan flutt til Svíþjóðar til frekari flokkunar og endurvinnslu.

Úr endurunnum sléttum pappa er t.d. framleitt karton sem notað er til að útbúa nýjar umbúðir.

AFSKURÐUR – SLÉTTUR PAPPI



Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer allur sléttur pappi sem ekki ber úrvinnslugjald, þ.e. afskurður frá prentsmiðjum og umbúðaframleiðendum, án aðskotahluta.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Ekki tekið við!

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Sléttur pappi – afskurður
(vnr. 1402320)

- Gjaldfrjálst/-skylt – háð verði endurvinnsluefna á mörkuðum og úrvinnslugjaldi

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

Hvað verður um efnið?

Efnið er pressað og baggað í móttöku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi til að minnka rúmmál og síðan flutt til Svíþjóðar til frekari flokkunar og endurvinnslu.

Úr endurunnum sléttum pappa er t.d. framleitt karton sem notað er til að útbúa nýjar umbúðir.

AFSKURÐUR – BLANDAÐUR



Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer allur pappír og sléttur pappi sem ekki ber úrvinnslugjald, þ.e. afskurður frá prentsmiðjum og umbúðaframleiðendum, án aðskotahluta.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Ekki tekið við!

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Afskurður – blandaður (vnr. 1402420)

- Gjaldfrjálst/-skylt – háð verði endurvinnsluefna á mörkuðum og úrvinnslugjaldi

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

Hvað verður um efnið?

Efnið er pressað og baggað í móttöku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi til að minnka rúmmál og síðan flutt til Svíþjóðar til frekari flokkunar og endurvinnslu.

Úr endurunnum pappír og pappa er t.d. framleiddur salernispappír, eldhúspappír, dagblaðapappír og karton sem notað er til að útbúa nýjar umbúðir.

UMBÚÐIR ÚR BYLGJUPAPPA



Hvernig á að flokka?

Í flokkinn má fara allur bylgjupappi sem ber úrvinnslugjald, s.s. pappakassar og aðrar umbúðir úr bylgjupappa, millispjöld af vörubrettum o.s.frv. Pressið umbúðirnar vel saman. Það sparar pláss og dregur úr akstri.

Bylgjupappinn má vera áprentaður, plasthúðaður og litsterkur. Límbönd og hefti mega fylgja.

Athugið að fjarlægja ber aðskotahluti, t.d. plast eða matarleifar.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

 Í gám nr. 2

- Gjaldfrjálst

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Umbúðir úr bylgjupappa (vnr. 1401415)

- Gjaldfrjálst – endurgreiðsla háð magni (kr/kg)

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

Hvað verður um efnið?

Efnið er pressað og baggað í móttöku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi til að draga úr rúmmáli. Það er síðan flutt til Svíþjóðar til frekari flokkunar og endurvinnslu.

Úr endurunnum pappa er framleiddur nýr bylgjupappi. Einnig er hægt að framleiða pappa sem er notaður sem ysta lag á gifsplötur.



Hvernig á að flokka?

Í flokkinn má fara allur bylgjupappi sem ekki ber úrvinnslugjald, þ.e. afskurður frá prentsmiðjum og umbúðaframleiðendum, án aðskotahluta.

Bylgjupappinn má vera áprentaður, plasthúðaður og litsterkur.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Ekki tekið við!

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Afskurður – bylgjupappi (vnr. 1401520)

- Gjaldfrjálst/-skilyrt – háð verði endurvinnsluefna á mörkuðum og úrvinnslugjaldi

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

Hvað verður um efnið?

Efnið er pressað og baggað í móttöku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi til að draga úr rúmmáli. Það er síðan flutt til Svíþjóðar til frekari flokkunar og endurvinnslu.

Úr endurunnum pappa er framleiddur nýr bylgjupappi. Einnig er hægt að framleiða pappa sem er notaður sem ysta lag á gífsplötur.



PLASTUMBÚÐIR



Hvernig á að flokka?

Í flokkinn má fara allt plast sem ber úrvinnslugjald; plastumbúðir sem ekki bera skilagjald (sjampóbrúsur, tómatósuflöskur, plastbakkar undan matvörum, plastílát undan mjólkurdrykkjum, jógúrt dósir, plastílát undan hreinsiefnum, snakkpokar), plastfilma, plastpokar o.s.frv. Gott er að stafpla umbúðum saman eða rúmmálsminnka á annan hátt til að nýta pláss sem best og draga úr akstri.

Ekki má setja garðhúsgögn, leikföng, geisladiska, DVD-diska o.fl. í þennan flokk þar sem Úrvinnslusjóður greiðir ekki fyrir efnið. Nánari upplýsingar er að finna á urvinnslusjodur.is.

Athugið að fjarlægja ber aðskotahluti, t.d. efnis- eða matarleifar.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

 Í gám nr. 13

 Gjaldskylt (kr/m³)

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Blanda af umbúðum úr mjúku og hörðu plasti (vnr. 1401215)

- Gjaldfrjálst/-skylt – háð verði endurvinnsluefna á mörkuðum og úrvinnslugjaldi

Blandaðar umbúðir úr hörðu plasti (vnr. 1402115)

- Gjaldfrjálst/-skylt – háð verði endurvinnsluefna á mörkuðum og úrvinnslugjaldi

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

Hvað verður um efnið?

Efnið er ýmist nýtt til orkuframleiðslu eða til endurvinnslu bæði hérlendis og erlendis.

HEYRÚLLUPLAST



Hvernig á að flokka?

Í þennan flokk má einungis fara heyrúllplast án aðskotahluta.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Ekki tekið við!

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Heyrúllplast (vnr. 1401102)

- Gjaldfrjálst

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

Hvað verður um efnið?

Efnið er endurunnið á vegum þjónustuaðila Úrvinnslusjóðs.

FILMUPLAST – ÓLITAÐ / ÓÁPRENTAÐ



Hvernig á að flokka?

Í flokkinn má einungis fara glært, óáprentað filmuplast sem ber úrvinnslugjald, t.d. utan af vörubrettum o.þ.h. án aðskotahluta.

Nánari upplýsingar um úrvinnslugjald er að finna hjá Úrvinnslusjóði, urvinnslusjodur.is og í síma 517 4700.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR



Ekki sér flokkur. Fer með plastumbúðum í gám nr. 13.



Gjaldskylt (kr/m³)

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Filmuplast – ólitað/óáprentað
(vnr. 1401015)

- Gjaldfrjálst – endurgreiðsla háð magni (kr/kg)

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

Hvað verður um efnið?

Efnið er ýmist nýtt til orkuframleiðslu eða til endurvinnslu bæði héraendis og erlendis.

FILMUPLAST – LITAÐ / ÁPRENTAÐ



Hvernig á að flokka?

Í flokkinn má einungis fara litað, áprentað filmuplast sem ber úrvinnslugjald, t.d. plastpokar o.þ.h. án aðskotahluta.

Nánari upplýsingar um úrvinnslugjald er að finna hjá Úrvinnslusjóði, urvinnslusjodur.is og í síma 517 4700.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR



Ekki sér flokkur. Fer með plastumbúðum í gám nr. 13.



Gjaldskylt (kr/m³)

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Filmuplast – litað/áprentað
(vnr. 1402015)

- Gjaldfrjálst – endurgreiðsla háð magni (kr/kg)

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

Hvað verður um efnið?

Efnið er ýmist nýtt til orkuframleiðslu eða til endurvinnslu bæði héraendis og erlendis.

SKILAGJALDSSKYLDAR DRYKKJARVÖRUUMBÚÐIR



Hvernig á að flokka?

Almenna reglan er að drykkjarvöruumbúðir, fyrir utan þær umbúðir sem innihalda vín, þurfa að hafa innihaldið vatn með eða án kolsýru, eða vatnsblönduð efni til drykkjar, til að vera skilagjaldsskyldar. Um er að ræða tilbúna drykkjarvöru sem hægt er að drekka beint úr viðkomandi umbúðum.

Eftirtaldar umbúðir eru skilgreindar sem skilagjaldsskyldar umbúðir:

- Ál- og stáldósir fyrir gosdrykki og bjór 33cl. og 50cl.
- Plastflöskur fyrir gosdrykki 50cl. - 2 lítra.
- Dósir, plast- og glerflöskur fyrir orkudrykki.
- Dósir, plast- og glerflöskur fyrir tilbúna ávaxtasafa.

- Glerflöskur fyrir gosdrykki frá Vífilfelli (allar einnota nuna).
- Glerflöskur fyrir öl (bjór).
- Glerflöskur fyrir áfengi, bæði léttvín og sterk vín.

Ekki er skilagjald á umbúðum undan ávaxtaþykkni, mjólkurdrykkjum, matarolíu, tómatsósu eða þvottalegi. Umbúðunum má skila með öðrum plastumbúðum, t.d. í græna grenndargáma eða í steinefnagám ef um glerflöskur er að ræða.

Frekari upplýsingar um hvaða umbúðir bera skilagjald, sem og gjaldskrá, má fá hjá Endurvinnslunni hf. Sjá endurvinnslan.is.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Flokkað og talið. Hámark 1000 einingar í hverri afgreiðslu. Aðeins er greitt inn á debetkort. Ekki tekið við á Sævarhöfða og Dalvegi.

- Endurgreiðsla (kr/stk)

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

SORPA tekur við skilagjaldsskyldum umbúðum í áhaldahúsinu við Vallargrund á Kjalarnesi.

Einnig er hægt að skila beint til Endurvinnslunnar hf. Þar er enginn hámarksfjöldi og hægt er að fá endurgreitt í reiðufé.

Hvað verður um efnið?

Endurvinnslan hf. tekur við skilagjaldsskyldum umbúðum sem berast til SORPU og baggar áldósir og plastumbúðir í pressum. Umbúðirnar eru svo fluttar erlendis til endurvinnslu. Framleiðsla úr endurunnum áldósum eru nýjar

áldósir og úr gömlu plastflöskunum er framleidd polyester ull – efni sem nýtist í fataiðnaði, teppaframleiðslu o.fl. Flísföt eru þekktasta afurðin. Glerflöskur eru muldar og nýtast sem fyllingarefni hérlendis.

Áldósir

endurunnar í nýjar áldósir



endurunnar í flísfatnað

Plastflöskur

Gler

nýtist sem landfyllingarefni






Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fara allar vefnaðarvörur, t.d. fullorðinsfatnaður, barnafatnaður, yfirhafnir, gluggatjöld og áklæði, teppi, rúmfatnaður og handklæði. Töskur, bakpokar, ferða-töskur o.s.frv. mega einnig fara í þennan flokk.

Föt og klæði þurfa að vera hrein, þurr og þökkuð í lokaðan plastpoka. Föt og klæði mega vera rifin eða slitin þar sem þau nýtast þá til endurvinnslu.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

 Í gám nr. 19 • Gjaldfrjálst

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við til endurvinnslu!

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

Hægt er að skila efni beint til Rauða kross Íslands.

Hvað verður um efnið?

Föt og klæði sem skilað er á endurvinnslustöðvar nýtast til hjálparstarfs á vegum Rauða kross Íslands. Þau eru að hluta til notuð innanlands. Sjálfboðaliðar byrja á að flokka þau og því næst eru þau gefin á meðferðarstofnanir, til flóttamanna, í fangelsi, í neyðarmóttöku og þeim sem minna hafa á milli handanna. Í sumum tilfellum eru föt send beint til vinadeilda erlendis sem koma þeim áfram til þeirra sem á þurfa að halda. Einnig er hluti þeirra seldur til fataflokunar-

stöðvar í Hollandi. Þar er klæðið flokkað eftir nýtingarmöguleikum og t.d. selt á markaði. Slitið klæði er hins vegar endurunnið og úr því framleiddar tuskur og teppi svo eitthvað sé nefnt.

Rauði krossinn rekur fjölda verslana sem selja notaðan fatnað, sjá nánar á vef Rauða kross Íslands, redcross.is.

Allur ágóði af sölu á notuðum fatnaði rennur í hjálpar-sjóð sem notaður er til alþjóðlegs hjálparstarfs.



Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer allur skófatnaður. Gott er að hafa skópörin í pokum eða binda reimarnar saman svo ekki þurfi að

byrja á að para skóna saman. Það sparar vinnu og fyrirhöfn við flokkun og kemur í veg fyrir sóun.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Í merkt ílát nálægt fatagámi.
• Gjaldfrjálst

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við til endurvinnslu!

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

Hvað verður um efnið?

Skór eru sendir til Þýskalands. Þar eru þeir flokkaðir, settir í endursölu eða gefnir til líknarstarfa.

Hagnaður af endursölu rennur til Samtaka íslenskra kristniboðsfélaga.

NYTJAHLOTIR



Hvernig á að flokka?


Í flokkinn fara allir hlutir sem enn eru nothæfir, t.d. húsgögn, raftæki, borð- og eldhúsbúnaður, bækur, diskar, leikföng o.s.frv. Athugið að föt og skór fara í fata- og skógáma á endurvinnslustöðvum SORPU.

Ef um er að ræða mikið magn þarf að hafa samband fyrirfram við verslunarstjóra. Sjá upplýsingar á bls. 7.

Mikilvægt er að pakka hlutum vandlega svo þeir skemmist ekki í flutningum.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

 Í gám nr. 18 • Gjaldfrjálst

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við til endurvinnslu!

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

Hvað verður um efnið?

Nytjahlutir fara í Góða hirðinn, nytjamarkað SORPU og líknarfélaga. Þar eru hlutirnir yfirfarnir og seldir á vægu verði. Ágóði af sölunni í Góða hirðinum rennur til góðgerðar- og líknarmála og hefur 120 milljónum króna verið úthlutað á árunum 1996-2011.

Góði hirðirinn er til húsa að Fellsmúla 28 og er opinn frá kl. 12.00-18.00 alla virka daga. Sjá staðsetningu á korti frammar í bæklingnum.

Nánari upplýsingar um Góða hirðinn eru á sorpa.is.



góði hirðirinn

KERTAAFGANGAR



Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fara kertaafgangar af öllum stærðum og gerðum.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Í merkt ílát nr. 23 • Gjaldfrjálst

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við til endurvinnslu!

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

Einnig er tekið við kertaafgöngum á afgreiðslustöðvum Olís.

Hvað verður um efnið?

Efnið nýtist til framleiðslu á nýjum kertum. Kertagerðir flokka kertaafgangana eftir lit. Vaxið er síðan brotið í litla búta, brætt og ný kerti steipt úr því.

MÁLMAR



Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fara allar tegundir máлма, t.d. járn, kopar, blý, ál, stál, ryðfritt stál, látún og brons. Í flokkinn fara málmumbúðir, s.s. niðursuðudósir, álpappír, álbakkar og málmlok af krukum, sprittkertakoppar, handverkfæri, efnisafgangar, rafmagnsvírar, skrúfur, naglar, hnífapör, pottar og málmrör. Einnig eru húsgögn oft að hluta

eða alveg úr málm. Málmur er verðmætt efni sem má endurvinna aftur og aftur með tilheyrandi umhverfislegum ávinningi.

Athugið að ekki má setja raftæki og gaskúta í þennan flokk! Gaskútar fara með spilliefnum, sjá bls. 46.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR



Í gám nr. 5

- Gjaldfrjálst

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki sér flokkur – beint annað!



Gjaldskylt (kr/kg)

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

Ef um er að ræða talsvert magn er hægt að skila beint til brotamálmfyrirtækja án endurgjalds. Ökutækjum er skilað til viðurkenndra móttökuaðila.

Hvað verður um efnið?

Efnið er flutt til brotamálmfyrirtækja sem flokka það eftir málmtegundum og minnka rúmmál, t.d. með pressun. Málmur eru fluttir erlendis til bræðslu og endurvinnslu.

HJÓLBARÐAR



Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fara eingöngu hjólbardar. Athugið að ekki má setja reiðhjóladekk eða slöngur í þennan flokk.

Losið hjólbarda ávallt úr plastpokum!

Stór vinnuvéladekk falla undir flokkinn „gúmmíúrgangur“ á blaðsíðu 31.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR



Í gám nr. 22.

Hjólbardar á felgu mega fara með málmum í gám nr. 5.

- Gjaldfrjálst

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Hjólbardar (vnr. 1400216)

- Gjaldfrjálst

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við ómeðhöndluðum hjólbörðum!

Dekkjakurl (vnr. 1211219)



Gjaldskylt (kr/kg)

Hvað verður um efnið?

Efni er kurlað af þjónustuaðilum Úrvinnslusjóðs og m.a. notað sem undir- og þrýstijöfnunarlag á urðunarstað SORPU í Álfsnesi.

TIMBUR – EKKI HVÍTMÁLAD EÐA PLASTHÚÐAÐ



Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer allt timbur sem ekki er málað í hvítu eða í ljósum litum (vegna títanhvítu innihalds) eða er plasthúðað. Vörubretti, viðarparket, krossviður, spónaplötur, gagnvarinn viður og timbur málað í dökkum litum mega einnig fara með sem og naglar og smærri málmhlutir.

Ekki má setja MDF, masónít, trétex eða þunnar innihurðir sem fara með ljós-/hvítmáluðu eða plashúðuðu timbri.

Athugið að farmar mega ekki innihalda annað efni í einhverju magni, t.d. gler, plast, o.s.frv.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Vörubretti, kassar o.þ.h.
(vnr. 1500415)

Í gám nr. 3 Gjaldskylt (kr/m³)

Timbur frá framkvæmdum
(vnr. 1500417)

Í gám nr. 3 Gjaldskylt (kr/m³)

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Vörubretti, kassar o.þ.h.
(vnr. 1400415)

Gjaldskylt (kr/kg)

Timbur frá timburvinnslu og framleiðslu húsgagna (vnr. 1400403)

Gjaldskylt (kr/kg)

Timbur frá framkvæmdum
(vnr. 1400417)

Gjaldskylt (kr/kg)

Timbur frá endurvinnslustöðvum
(vnr. 1400420)

Gjaldskylt (kr/kg)

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

Hvað verður um efnið?

Efnið er kurlað í timburtætara móttöku- og flokkunarstöðvar SORPU. Það gerir m.a. kleift að endurheimta málmhluti með vélrænni flokkun. Efnið er síðan notað sem kolefnisgjafi í framleiðslu járnblendis. Slík endurnýting á timbri er sú fyrsta sinnar tegundar í heiminum.

Timbur er yfirleitt nýtt sem orkugjafi erlendis en við sem höfum vistvæna orkuframleiðslu með virkjun vatnsafls nýtum timbrið betur á þennan hátt. Þannig er dregið úr innflutningi kola erlendis frá og dregið er urðun á lífrænum úrgangi.



KAPALKEFLI



Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fara kapalkefli úr timbri sem þarfnast meðhöndlunar áður en hægt er að tæta þau, t.d. vegna stórra málmhluta sem þarf að fjarlægja.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR



Ekki sér flokkur. Fer með grófum úrgangi í gám nr. 6.



Gjaldskylt (kr/m³)

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Kapalkefli (vnr. 1400315)



Gjaldskylt (kr/kg)

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

Hvað verður um efnið?

Kefli eru tekin í sundur í móttöku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi og stærri málmhlutir fjarlægðir, t.d.

teinar. Efnið er síðan kurlað í timburtætara og endurnýtt á sama hátt og annað timbur.

TIMBUR – LJÓSMÁLAD, HVÍTMÁLAD OG PLASTHÚÐAD



Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer allt timbur sem málað er með hvítu, í ljósum litum eða er plasthúðað. Naglar, skrúfur og aðrir minni málmhlutir mega fara með.

Athugið að farmar mega ekki innihalda annað efni í einhverju magni, t.d. gler, plast, o.s.frv.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Timbur frá framkvæmdum (vnr. 1500517)



Í gám nr. 4



Gjaldskylt (kr/m³)

Húsgögn o.þ.h. (vnr. 1500520)



Í gám nr. 4



Gjaldskylt (kr/m³)

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Timbur frá timburvinnslu og framleiðslu húsgagna (vnr. 1400503)



Gjaldskylt (kr/kg)

Timbur frá framkvæmdum (vnr. 1400517)



Gjaldskylt (kr/kg)

Timbur frá endurvinnslustöðvum/ húsgögn o.þ.h. (vnr. 1400520)



Gjaldskylt (kr/kg)

Lituð timburflis, 90% undir 400 mm (vnr. 1400519)



Gjaldskylt (kr/kg). Háð samkomulagi

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við ómeðhöndlað!

Lituð timburflis, 90% undir 180 mm og að hámarki 200 mm (vnr. 1211519)



Gjaldskylt (kr/kg)

Hvað verður um efnið?

Efnið er kurlað í timburtætara móttöku- og flokkunarstöðvar SORPU. Það gerir m.a. kleift að endurheimta málmhluti með vélrænni flokkun. Lituð timburflis er notuð sem biofilter gegn lyktarmengun

og sem þrýstijöfnunarlag til að auðvelda gassöfnun á urðunarstaðnum. Einnig er hún notuð sem kolefnisgjafi við framleiðslu járnbendis.

GRÓFUR ÚRGANGUR



Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fara fyrirferðarmiklir hlutir sem ekki falla undir aðra flokka; t.d. bólstruð húsgögn, basthúsgögn, plasthúsgögn, dýnur, gólfúkar og gólfteppi, plastparket, gluggakarmar með gleri, teppi, stuðarar og aðrir stórir bílavarahlutir úr plasti o.s.frv.

Bent er á að hægt er að skila nothæfum hlutum til endurnotkunar í gám Góða hirðisins nr. 18.



Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Grófur úrgangur frá framkvæmdum (vnr. 1500217)

Í gám nr. 6 Gjaldskylt (kr/m³)

Bólstruð húsgögn, dýnur o.þ.h. (vnr. 1500220)

Í gám nr. 6 Gjaldskylt (kr/m³)

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Grófur úrgangur frá framkvæmdum (vnr. 1401617)

Gjaldskylt (kr/kg)

Bólstruð húsgögn, dýnur o.þ.h. Grófur úrgangur frá endurvinnslustöðvum (vnr. 1401620)

Gjaldskylt (kr/kg)

Fiskikör (vnr. 1401602)

Gjaldskylt (kr/kg)

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

Hvað verður um efnið?

Efnið er hakkað í móttöku- og flokkunarstöðinni í Gufunesi. Það gerir m.a. kleift að endurheimta málmhluti með vél-

rænni flokkun. Afgangurinn er síðan baggaður og urðaður á urðunarstaðnum í Álfsnesi.

BLANDAÐUR HEIMILISÚRGANGUR OG SKYLDUR ÚRGANGUR



Hvernig á að flokka?

Í flokkinn er skráður blandaður heimilisúrgangur og sambærilegur úrgangur frá rekstraraðilum til frekari meðhöndlunar.

Mikilvægt er að flokka frá úrgang sem tilheyrir hreinum flokkum og er verðmætt hráefni, t.d. bylgjupappa, málma o.s.frv.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Blandaður heimilisúrgangur og skyldur úrgangur (vnr. 1500120)

Í gám nr. 1 Gjaldskylt (kr/m³)

Blandaður úrgangur frá framkvæmdum (vnr. 1500117)

Í gám nr. 1 Gjaldskylt (kr/m³)

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Blandaður heimilisúrgangur og skyldur úrgangur frá rekstraraðilum (vnr. 1400120)

Gjaldskylt (kr/kg)

Pressanlegur úrgangur frá byggingarsvæðum (vnr. 1400117)

Gjaldskylt (kr/kg)

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við ómeðhöndlað!

Baggaður úrgangur (vnr. 1210119)

Gjaldskylt (kr/kg)



Grátunna fyrir blandaðan úrgang er orkutunna. Lífræn efni verða að metani, eldsneyti fyrir ökutæki. Sjá orkutunna.is

Hvað verður um efnið?

Efnið er hakkað í móttöku- og flokkunarstöðinni í Gufunesi. Það gerir m.a. kleift að endurheimta málmhluti með vélrænni flokkun. Afgangurinn er síðan baggaður og

urðaður á urðunarstaðnum í Álfsnesi þar sem hauggasi sem myndast við niðurbrot efnis er safnað. Gasið er hreinsað og nýtt sem eldsneyti á ökutæki.

VÉLTÆKUR ÚRGANGUR

Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer úrgangur á brettum, í stórsekkjum, í kerum o.s.frv. sem hægt er að meðhöndla með sömu vélum og baggar eru meðhöndlaðir með.

Ílát þurfa að vera þétt og bretti stöðug.

Móttaka er háð fyrirfram samkomulagi og leyfi staðarstjóra urðunarstaðar.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Ekki tekið við!

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki sér flokkur – fer í aðra flokka!

URÐUNARSTAÐUR

Matvæli í umbúðum (vnr. 1210202)

Í undirflokkinn eru skráðir farmar sem innihalda einungis matvæli í umbúðum sem ekki þykir hagkvæmt að taka á móti í móttöku-stöðinni í Gufunesi, t.d. vegna óþrifa eða lyktar. Einnig plastaðar heyrúllur.

 Gjaldskylt (kr/kg)

Málningarúrgangur (vnr. 1210208)

Í undirflokkinn eru skráð ker og önnur ílát sem innihalda einungis vatnsmálningarúrgang og samþærilegt. Einungis er tekið á móti þessum förmum frá viðurkenndum starfsleyfisskyldum aðilum.

 Gjaldskylt (kr/kg)

Hvað verður um efnið?

Efnið er urðað á urðunarstað SORPU í Álfsnesi þar sem hauggasi sem myndast við niðurbrot efnis er safnað. Gasið er hreinsað og nýtt sem eldsneyti á ökutæki.



ÓBAGGANLEGUR ÚRGANGUR

Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer úrgangur sem ekki er hægt að bagga eða meðhöndla með öðru móti og fellur ekki undir aðra

flokka. Móttaka er háð fyrirfram samkomulagi og leyfi staðarstjóra urðunarstaðar.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR


Ekki tekið við!

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ


Ekki tekið við!

URÐUNARSTAÐUR


Sag frá timburvinnslu og framleiðslu á viðarþiljum og húsgögnum (vnr. 1213003)

 Gjaldskylt (kr/kg)


Úr bygginganiðurrifi (vnr. 1213017)

 Gjaldskylt (kr/kg)

Frá soppmeðhöndlunarstöðvum (vnr. 1213019)

 Gjaldskylt (kr/kg)

Frá götuhreinsun (vnr. 1213020)

 Gjaldskylt (kr/kg)

Hvað verður um efnið?

Efnið er urðað á urðunarstað SORPU í Álfsnesi.

GÚMMÍÚRGANGUR

Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fara rokkhopperar, stór vinnuvéladekk og annar óendurvinnanlegur gúmmíúrgangur sem ekki ber úrvinnslugjald.

Athugið að úrgangur eins og notaðar slöngur frá olíufélögum ber að flokka sem spilliefni og er því vísað til viðurkenndra móttökuaðila.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR


Ekki tekið við!

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

URÐUNARSTAÐUR


Gúmmíúrgangur frá netagerðum og útgerðum (vnr. 1212202)

 Gjaldskylt (kr/kg)

Gúmmíúrgangur frá soppmeðhöndlunarstöðvum (vnr. 1212219)

 Gjaldskylt (kr/kg)

Vinnuvéladekk (vnr. 1212216)

 Gjaldskylt (kr/kg)

Einnig er hægt að koma efninu til brennslu í móttöku- og brennslustöð Köllu í Helguvík, Reykjanesbæ. Sjá kalka.is.

Hvað verður um efnið?

Efnið er urðað á urðunarstað SORPU í Álfsnesi.

NET, TROLL OG KAÐLAR



Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fara net, troll og kaðlar sem ekki er hægt að meðhöndla öðruvísi vegna stærðar.

Athugið að fjarlægja ber blý af veiðarfærum áður en komið er með þau til urðunarstaðar.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR


Ekki tekið við!

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

URÐUNARSTAÐUR

Net, troll og kaðlar (vnr. 1213002)

 Gjaldskylt (kr/kg)

Hvað verður um efnið?

Efnið er urðað á urðunarstað SORPU í Álfsnesi.

TRÓÐ ÚR NIÐURRIFI ÖKUTÆKJA

Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer einungis tróð úr niðurrifi ökutækja.

Um er að ræða móttöku á umtalsverðu magni að undangengnu samkomulagi og háð samþykki yfirverkfræðings þróunar- og tæknideildar.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Ekki tekið við!

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

URÐUNARSTAÐUR

Tróð úr niðurrifi ökutækja (vnr. 1212916)

 Gjaldskylt (kr/kg)

Einnig er hægt að skila til viðurkenndra móttökuaðila spilliefna. Nánari upplýsingar er að finna á vefsetri Umhverfisstofnunar, ust.is, eða með því að hringja í skiptiborð stofnunarinnar. Ennfremur er hægt að koma efninu til brennslu í móttöku- og brennslustöð Kólku í Helguvík, Reykjanesbæ. Sjá kalka.is.

Hvað verður um efnið?

Efnið er notað sem yfirlag á urðunarstað SORPU í Álfsnesi.



Hvernig á að flokka?

Í flokkinn má fara allt sem hægt er að skilgreina sem steinefni (óvirkt berandi efni), t.d. gler, speglar, flísar, steinsteypa, grjót, múrsteinar, hellur o.s.frv.



Athugið að farmar mega ekki innihalda annað efni í einhverju magni, t.d. timbur, plast, o.s.frv.

Hvert á að skila?



ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Steinefni frá framkvæmdum (vnr. 1500317)

Efni sem kemur af byggingarsvæðum eða frá öðrum framkvæmdum. Steinsteypa, grjót, múrsteinar, hellur, rúður, flísar, keramikmunir og postulín (t.d. klósett, vaskar) o.s.frv.


 Í gám nr. 8  Gjaldskylt (kr/m³)

Bílrúður (vnr. 1500316)

 Í gám nr. 8  Gjaldskylt (kr/m³)


MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki sér flokkur – beint annað!

 Gjaldskylt (kr/kg)

URÐUNARSTAÐUR


Frá framleiðslu byggingarefna (vnr. 1210310)

 Gjaldskylt (kr/kg)


Steinefni frá framkvæmdum (vnr. 1210317)

 Gjaldskylt (kr/kg)

Bílrúður (vnr. 1210316)

 Gjaldskylt (kr/kg)


Glerumbúðir og glerilát (vnr. 1210315)

 Gjaldskylt (kr/kg)

Frá soppmeðhöndlunarstöðvum (vnr. 1210319)

 Gjaldskylt (kr/kg)

Frá söfnun á vegum sveitarfélaga (vnr. 1210320)

 Gjaldskylt (kr/kg)

Hvað verður um efnið?

Efnið má mala niður og nota sem fyllingarefni við framkvæmdir og nýtist þá með sama hætti og mól. Þannig má draga úr námugreftri og áhrifum slíkra framkvæmda á umhverfið, auk þess sem dregið er úr kostnaði.

Efninu er haldið til haga á urðunarstað SORPU í Álfsnesi og er m.a. notað við vegaframkvæmdir þar og verður jafnvel sem fyllingarefni undir Sundabrautina þegar þar að kemur.

Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fara gifs og gifsplötur án aðskotahluta.

Athugið að farmar mega ekki innihalda annað efni í einhverju magni, t.d. timbur, plast, o.s.frv.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR



Ekki sér flokkur. Fer með steinefnum í gám nr. 8.



Gjaldskylt (kr/m³)

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki sér flokkur – beint annað!



Gjaldskylt (kr/kg)

URÐUNARSTAÐUR

Gifs- og gifsplötur (vnr. 1213617)



Gjaldskylt (kr/kg)

Hvað verður um efnið?

Gifs má ekki urða ásamt lífrænum úrgangi vegna efnasambanda sem losna frá því við slíkar aðstæður.

Efnið er því urðað í sér gróp ásamt asbesti á urðunarstað SORPU í Álfsnesi.

ASBEST

Hvernig á að flokka?

Í flokkinn má einungis fara asbest. **Staðarstjóra urðunarstaðar skal tilkynnt fyrirfram um farminn**, svo hægt sé að

undirbúa móttöku og tryggja að vinnuvél sé tiltæk til að ganga frá.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Ekki tekið við!

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

URÐUNARSTAÐUR

Frá framkvæmdum (vnr. 1213517)



Gjaldskylt (kr/kg)

Bremsuklossar (vnr. 1213516)



Gjaldskylt (kr/kg)

Frá söfnun á vegum sveitarfélaga (vnr. 1213520)



Gjaldskylt (kr/kg)

Bent er á viðurkennda móttökuaðila spilliefna. Nánari upplýsingar er að finna á vefsetri Umhverfisstofnunar, ust.is, eða með því að hringja í skipti- borð stofnunarinnar.

Hvað verður um efnið?

Efnið er urðað í sér gróp ásamt gifsi (sem heftir útbreiðslu asbestagna) á urðunarstað SORPU í Álfsnesi.

JARÐVEGUR



Hvernig á að flokka?

Í flokkinn má einungis fara jarðvegur og sambærilegt efni úr uppgreifri og vegna breytinga á lóðum, s.s. torfur, þökuafskurður o.s.frv.

Athugið að farmar mega ekki innihalda annað efni, t.d. plast, málma, timbur o.s.frv.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Jarðvegur frá framkvæmdum
(vnr. 1501017)

 Fer með garðaúrgangi í gám nr. 10.

 Gjaldskylt (kr/m³)

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki sér flokkur – beint annað!

 Gjaldskylt (kr/kg)

URÐUNARSTAÐUR

Jarðvegur og uppgroftur frá framkvæmdum (vnr. 1211717)

 Gjaldskylt (kr/kg)

Bent er á jarðvegstippa sveitarfélaga. Nánari upplýsingar er að finna á vefsetrum þeirra eða með því að hringja í skiptiborð viðkomandi sveitarfélags.

Hvað verður um efnið?

Efnið er notað sem yfirlag á urðunarstað SORPU í Álfsnesi.

MENGAÐUR JARÐVEGUR

Hvernig á að flokka?

Í flokkinn eru skráðir farmar sem innihalda einungis mengaðan jarðveg.

Um er að ræða móttöku að undangengnu samkomulagi og háð samþykki yfirverkfræðings þróunar- og tæknideildar.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Ekki tekið við!

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

URÐUNARSTAÐUR

Mengaður jarðvegur
(vnr. 1212817)

 Gjaldskylt (kr/kg)

Bent er á viðurkennda móttökuaðila spilliefna. Nánari upplýsingar er að finna á vefsetri Umhverfisstofnunar, ust.is, eða með því að hringja í skiptiborð stofnunarinnar.

Hvað verður um efnið?

Efnið er notað sem yfirlag á urðunarstað SORPU í Álfsnesi.

GRAS OG HEY



Hvernig á að flokka?


Í flokkinn má einungis fara gras eða hey án aðskotahluta.

Athugið að efnið skal losa úr plastpokum!

Hvert á að skila?


ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Gras (vnr. 1500620)

 Í gám nr. 25 (maí til september) annars í „garðaúrgang“ (gám nr. 10).

 Gjaldskylt (kr/m³)

Hey frá dýrahaldi (vnr. 1500820)

 Í gám nr. 25 (maí til september) annars í „garðaúrgang“ (gám nr. 10).

 Gjaldskylt (kr/m³)


MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Gras og hey (vnr. 1400620)

 Gjaldskylt (kr/kg)

URÐUNARSTAÐUR

Gras og hey (vnr. 1210620)

 Gjaldskylt (kr/kg)

Hvað verður um efnið?

Grasi og heyi er blandað saman við kurlaðar trjágreinir á urðunarstaðnum í Álfsnesi og efnið látið brotna niður. Þannig er búin til molta sem er lífrænn jarðvegsbætir og þannig dregið úr urðun á lífrænum úrgangi.

TRJÁGREINAR



Hvernig á að flokka?


Í flokkinn mega einungis fara trjábólir og trjágreinir án aðskotahluta ásamt laufblöðum.

Athugið að efnið skal losa úr plastpokum!

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Trjágreinir (vnr. 1500720)

 Í gám nr. 24 eða á söfnunarstað fyrir trjágreinir.

 Gjaldskylt (kr/m³)

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Trjágreinir (vnr. 1400720)


 Gjaldskylt (kr/kg)

URÐUNARSTAÐUR

Trjágreinir (vnr. 1210720)

 Gjaldskylt (kr/kg)

Trjágreinir – Kurlaðar (vnr. 1210820)

 Gjaldskylt (kr/kg)

Hvað verður um efnið?

Trjágreinir eru kurlaðar og þeim blandað saman við gras á urðunarstaðnum í Álfsnesi. Efnið er látið brotna niður og þannig verður til molta sem er lífrænn jarðvegs-

bætir og þannig dregið úr urðun á lífrænum úrgangi. Ennfremur eru trjágreinir notaðar ókurlaðar sem lyktarverjandi yfirlag (bíó-filter) á urðunarstaðnum.

GARÐAÚRGANGUR



Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer allur garðaúrgangur sem ekki telst til hreinna flokka, þ.e. gras og trjágreinir í bland, potta-blóm, blómaafskurður, illgresi, arfi, plöntuleifar o.s.frv.

Athugið að farmar mega ekki innihalda annað efni, t.d. plastpoka o.s.frv. Losið efnið ávallt úr plastpokum!

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR


Garðaúrgangur (vnr. 1500920)

 Í gám nr. 10

 Gjaldskylt (kr/m³)

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Garðaúrgangur (vnr. 1400920)

 Gjaldskylt (kr/kg)

URÐUNARSTAÐUR

Garðaúrgangur (vnr. 1210920)

 Gjaldskylt (kr/kg)

Hvað verður um efnið?

Efnið er notað til landmótunar og lyktarverjandi yfirlag (bíó-filter) á urðunarstaðnum.


HROSSATAÐ


Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer eingöngu hrossaskítur (hrossatað) án aðskotahluta.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

 Ekki sér flokkur. Fer með garðaúrgangi í gám nr. 10.

 Gjaldskylt (kr/m³)

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

URÐUNARSTAÐUR

Hrossatað (vnr. 1211420)

 Gjaldskylt (kr/kg)

Hvað verður um efnið?

Efni er notað við uppgræðslu á urðunarstað SORPU í Álfsnesi og þannig dregið úr urðun á lífrænum úrgangi.

SVÍNASKÍTUR

Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer eingöngu svínaskítur án aðskotahluta.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Ekki tekið við!

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

URÐUNARSTAÐUR

Svínaskítur (vnr. 1211302)



Gjaldskylt (kr/kg)

Hvað verður um efnið?

Efnið nýtist til gasgerðar á urðunarstað SORPU í Álfsnesi.

HÆNSNASKÍTUR

Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer eingöngu hænsna- og/eða annar fuglaskítur án aðskotahluta.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Ekki tekið við!

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

URÐUNARSTAÐUR

Hænsnaskítur (vnr. 1211102)



Gjaldskylt (kr/kg)

Hvað verður um efnið?

Efnið nýtist til gasgerðar á urðunarstað SORPU í Álfsnesi.

FÓÐUR, MJÖL OG HVEITI

Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer eingöngu fóður, mjöl, hveiti og/eða sambærilegt efni sem ekki er hægt að bagga og tekið er á móti í lausu. Án aðskotahluta.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Ekki tekið við!

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

URÐUNARSTAÐUR

Fóður, mjöl og hveiti
(vnr. 1212102)



Gjaldskylt (kr/kg)

Hvað verður um efnið?

Efnið nýtist til gasgerðar á urðunarstað SORPU í Álfsnesi.

DEIG

Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer eingöngu deig og/eða sambærilegt efni sem er óbagganlegt og tekið er á móti í lausu. Án aðskotahluta.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Ekki tekið við!

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

URÐUNARSTAÐUR

Deig (vnr. 1212002)



Gjaldskylt (kr/kg)

Hvað verður um efnið?

Efnið nýtist til gasgerðar á urðunarstað SORPU í Álfsnesi.

ÖLGERÐARHRAT

Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer eingöngu ölgerðarhrat og/eða sambærilegt efni sem er óbagganlegt og tekið er á móti í lausu. Án aðskotahluta.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Ekki tekið við!

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

URÐUNARSTAÐUR

Ölgerðarhrat (vnr. 1213102)



Gjaldskylt (kr/kg)

Hvað verður um efnið?

Efnið nýtist til gasgerðar á urðunarstað SORPU í Álfsnesi.

LÝSISHRAT

Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer eingöngu lýsishrat og/eða sambærilegt efni sem er óbagganlegt og tekið er á móti í lausu. Án aðskotahluta.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Ekki tekið við!

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

URÐUNARSTAÐUR

Lýsishrat (vnr. 1211602)



Gjaldskylt (kr/kg)

Hvað verður um efnið?

Efnið nýtist til gasgerðar á urðunarstað SORPU í Álfsnesi.

SEYRA/HRAT/EÐJA – 20-50% ÞURREFNI

Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer seyra og/eða hrat úr rotþróm, lífrænt hrat og eðja frá uppsópi í vinnslu lífrænna efna sem ekki fellur undir aðra flokka og möguleiki er á að nýta til

gasgerðar. Þurrefnisinnihald skal vera að lágmarki 20% en ekki umfram 50%. **Framvísa getur þurft staðfestingu á efniseiginleikum.**

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Ekki tekið við!

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

URÐUNARSTAÐUR

Frá landbúnaði og matvælavinnslu
(vnr. 1212602)

 Gjaldskylt (kr/kg)

Úr rotþróm og skólphreinsun
(vnr. 1212620)

 Gjaldskylt (kr/kg)

Hvað verður um efnið?

Efnið nýtist til gasgerðar á urðunarstað SORPU í Álfsnesi.

SEYRA/HRAT/EÐJA – YFIR 50% ÞURREFNI

Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer seyra og/eða hrat úr rotþróm, lífrænt hrat og eðja frá uppsópi í vinnslu lífrænna efna sem ekki fellur undir aðra flokka og möguleiki er á að nýta til gas-

gerðar. Þurrefnisinnihald yfir 50%. **Framvísa getur þurft staðfestingu á efniseiginleikum.**

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Ekki tekið við!

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

URÐUNARSTAÐUR

Frá landbúnaði og matvælavinnslu
(vnr. 1213202)

 Gjaldskylt (kr/kg)

Úr rotþróm og skólphreinsun
(vnr. 1213220)

 Gjaldskylt (kr/kg)

Hvað verður um efnið?

Efnið nýtist til gasgerðar á urðunarstað SORPU í Álfsnesi.

FISKIÚRGANGUR

Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer eingöngu fiskiúrgangur sem er óbagganlegur og tekið er á móti í lausu. Án aðskotahluta.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Ekki tekið við!

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

URÐUNARSTAÐUR

Fiskiúrgangur (vnr. 1212302)



Gjaldskylt (kr/kg)

Hvað verður um efnið?

Efnið nýtist til gasgerðar á urðunarstað SORPU í Álfsnesi.

SLÁTURÚRGANGUR – 2. ÁHÆTTUFLOKKUR

Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer sláturúrgangur og dýraleifar í 2. áhættuflokki skv. reglugerð nr. 820/2007 ásamt síðari breytingum. Hér er t.d. átt við sláturúrgang sem er með merki um alvarlega sjúkdóma, t.d. salmonellu, eða getur verið smitandi. Sláturúrgangur af sauðfé og geitfé yngra en 12 mánaða fellur í þennan flokk. Farmar mega ekki innihalda neitt annað.

Ekki er tekið við sláturúrgangi í 1. áhættuflokki.

Athugið að einungis er tekið á móti förmum að undan-göngu samráði við Matvælastofnun og Umhverfisstofnun og að fengnu leyfi yfirverkfræðings þróunar- og tæknideildar eða framkvæmdastjóra SORPU.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Ekki tekið við!

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við nema með undanþágu:

Sláturúrgangur 2. áhættuflokkur (vnr. 1212402)



Gjaldskylt (kr/kg)

Hægt er að koma efninu til brennslu í móttöku- og brennslustöð Kólku í Helgúvík, Reykjanesbæ. Sjá kalka.is.

Hvað verður um efnið?

Efnið er urðað í sér gróp og hulið samstundis á urðunarstað SORPU í Álfsnesi.

SLÁTURÚRGANGUR – 3. ÁHÆTTUFLOKKUR

Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer sláturúrgangur og dýraleifar í 3. áhættuflokki skv. reglugerð nr. 820/2007 ásamt síðari breytingum. Hér er átt við allan sláturúrgang af heilbrigðum dýrum sem og bein og aðrar dýraleifar frá kjötvinnslum, mötuneytum, eldhúsum o.fl. Einnig fara dúnn og fiður í þennan flokk.

Úrgangur skal afhentur í lausu eða í véltækum stórsekkjum. Farmar mega ekki innihalda neitt annað.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Ekki tekið við!

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

URÐUNARSTAÐUR

Sláturúrgangur 3. áhættuflokkur í lausu (vnr. 1213802)

🌀 Gjaldskylt (kr/kg)

Sláturúrgangur 3. áhættuflokkur í véltækum stórsekkjum (vnr. 1212502)

🌀 Gjaldskylt (kr/kg)

Hægt er að koma efninu til endurvinnslu í Kjötmjölsverksmiðjunni Orkugerðin ehf, Heiðargerði 5, Selfossi (dreifbýli).

Hvað verður um efnið?

Efnið er urðað á urðunarstað SORPU í Álfsnesi þar sem hauggasi sem myndast við niðurbrot efnis er safnað. Gasið er hreinsað og nýtt sem eldsneyti á ökutæki.



ÁSÓTTUR ÚRGANGUR

Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer úrgangur sem er ásóttur af veggjatílum eða sambærilegum meindýrum. Hver hlutur skal tryggilega plastaður inn til að lágmarka hættu á að meinið breiðist út.

Staðarstjóra urðunarstaðar skal tilkynnt fyrirfram um farminn, svo hægt sé að undirbúa móttöku og tryggja að vinnuvél sé tiltæk til að ganga frá.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Ekki tekið við!

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

URÐUNARSTAÐUR

Ásótt húsgögn o.fl. (vnr. 1213720)

Gjaldskylt (kr/kg)

Ásóttur úrgangur frá niðurrifi (vnr. 1213717)

Gjaldskylt (kr/kg)

Einnig er hægt að skila til viðurkenndra móttökuaðila spilliefna. Nánari upplýsingar er að finna á vefsetri Umhverfisstofnunar, ust.is, eða með því að hringja í skiptiborð stofnunarinnar. Ennfremur er hægt að koma efninu til brennslu í móttöku- og brennslustöð Kölku í Helguvík, Reykjanesbæ. Sjá kalka.is.

Hvað verður um efnið?

Efnið er urðað og hulið samstundis á urðunarstað SORPU í Álfsnesi.

DÝRAHRÆ

Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fara hræ af dýrum. Farmar mega ekki innihalda neitt annað.

Ekki er tekið á móti dýrahraejum frá landbúnaði nema að veittri undanþágu Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar og að fengnu samþykki SORPU bs.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Ekki tekið við!

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

URÐUNARSTAÐUR

Dýrahrae – frá dýralæknum o.fl. (vnr. 1211920)

Gjaldskylt (kr/kg)

Dýrahrae – frá landbúnaði (vnr. 1211902)

Athugið að ekki er tekið við nema með undanþágu.

Gjaldskylt (kr/kg)

Hvað verður um efnið?

Dýrahrae eru urðuð í sér gróp og hulin samstundis á urðunarstað SORPU í Álfsnesi.

MÁLNINGARÚRGANGUR/RISTARÚRGANGUR – 20-50% ÞURREFNI

Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer málningarúrgangur, ristarúrgangur frá skólphreinsistöðvum, uppdæling úr sand- og/eða fitu-gildrum verkstæða sem ekki fellur undir aðra flokka og ekki hentar til gasgerðar, t.d. vegna efnasamsetningar.

Þurrefnisinnihald skal vera að lágmarki 20% en ekki umfram 50%. **Afhendingaraðilar skulu skila vottorði/mælingu óháðs aðila um innihald samkvæmt ákvörðun yfirverkfræðings þróunar- og tæknideildar.**

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR


Ekki tekið við!

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

URÐUNARSTAÐUR

Málningarúrgangur (vnr. 1212708)

 Gjaldskylt (kr/kg)

Frá skólphreinsistöðvum (vnr. 1212719)

 Gjaldskylt (kr/kg)

Hvað verður um efnið?

Efnið er urðað á urðunarstað SORPU í Álfsnesi.

MÁLNINGARÚRGANGUR/RISTARÚRGANGUR – YFIR 50% ÞURREFNI

Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fer málningarúrgangur, ristarúrgangur frá skólphreinsistöðvum, uppdæling úr sand- og/eða fitu-gildrum verkstæða sem ekki fellur undir aðra flokka og ekki hentar til gasgerðar, t.d. vegna efnasamsetningar.

Þurrefnisinnihald yfir 50%. **Afhendingaraðilar skulu skila vottorði/mælingu óháðs aðila um innihald samkvæmt ákvörðun yfirverkfræðings þróunar- og tæknideildar.**

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR


Ekki tekið við!

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ


Ekki tekið við!

URÐUNARSTAÐUR

Málningarúrgangur (vnr. 1213308)

 Gjaldskylt (kr/kg)

Ristarúrgangur og sambærilegur úrgangur (vnr. 1213319)

 Gjaldskylt (kr/kg)

Hvað verður um efnið?

Efnið er urðað á urðunarstað SORPU í Álfsnesi.

SPILLIEFNI



Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fara ýmiskonar hreinsi- og þvottaefni, málning, lakk, lím, þynnir, bón og olíur fyrir húsgögn, leysi-efni, t.d. terpentína, kvikasilfurshitamælar, stíflueyðir, skordýraeitur, úðabrusar, flugeldar, skotfæri og viðhalds-efni fyrir bíla, t.d. frostlögur, olíuefni og feiti.

Varúðarmerktum efnum á ávallt að skila með spilliefnum. Sjá nánar um varúðarmerkingar á vefsetri Umhverfis-

stofnunar og merkingar hér að neðan. Spilliefnum skal skila í lokuðum umbúðum. Réttar merkingar á ílátum auðvelda flokkun spilliefna og stuðla að öruggri eyðingu þeirra.



Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Ekki tekið við!

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

Bent er á viðurkennda móttökuaðila spilliefna. Nánari upplýsingar er að finna á vefsetri Umhverfisstofnunar, ust.is, eða með því að hringja í skiptiborð stofnunarinnar.

Hvað verður um efnið?

Efni fara til viðurkenndra móttökuaðila spilliefna þar sem þau eru flokkuð og meðhöndluð á réttan hátt og komið til eyðingar eða í endurvinnslu.

RAFHLÖÐUR



Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fara allar tegundir rafhlaðna án aðskotahluta.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR



Í merkt ílát í gám nr. 16

- Gjaldfrjálst

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við nema:

Rafhlöður (vnr. 1211016)

Einungis er tekið á móti rafhlöðum sem leyfilegt er að urða frá viðurkenndum starfsleyfis-skyldum aðilum.




Gjaldskylt

Einnig er tekið við rafhlöðum á flestum bensínstöðvum, í raftækjaverslunum o.fl.

Hvað verður um efnið?

Rafhlöður fara til viðurkenndra móttökuaðila spilliefna þar sem þær eru flokkaðar og meðhöndlaðar á réttan hátt og komið til eyðingar eða í endurvinnslu.



Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fara allar tegundir rafgeyma án aðskotahluta.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Ekki tekið við!

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

Bent er á viðurkennda móttökuaðila spilliefna. Nánari upplýsingar er að finna á vefsetri Umhverfisstofnunar, ust.is, eða með því að hringja í skiptiborð stofnunarinnar.


Hvað verður um efnið?

Rafgeymar fara til viðurkenndra vinnsluaðila þar sem þeir eru flokkaðir og meðhöndlaðir á réttan hátt og komið til eyðingar eða í endurvinnslu.

RAFTÆKI



Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fara öll minni raftæki (bera flest merkið  hér til hliðar), t.d. ryksugur, straujárn, brauðristar, hárfurrkur, rakvélar, útvörp, kaffivélar, símar, prentarar, borvélar, tölvur, fartölvur, lófátölvur, flatskjáir (bæði sjónvarps- og tölvuskjáir), rafknúin leikföng o.fl.

Athugið að stærri raftæki og túpskjáir fara í aðra flokka.

Hægt er að skila nothæfum tækjum til endurnotkunar í gám Góða hirðisins nr. 18.



Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR



Í merkt ílát í gám nr. 14

● Gjaldfrjálst

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

Einnig er bent á viðurkennda móttökuaðila raftækja. Nánari upplýsingar er að finna á vefsetri Umhverfisstofnunar, ust.is, eða með því að hringja í skiptiborð stofnunarinnar.

Hvað verður um efnið?

Tækin eru tætt í sundur hjá viðurkenndum vinnsluaðilum. Efni hættuleg umhverfinu eru flokkuð frá og meðhöndluð

með viðeigandi hætti. Endurvinnsluefni, t.d. málmar, eru flokkuð frá og komið í réttan farveg.

STÓR RAFTÆKI



Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fara öll stærri raftæki, s.s. þvottavélar, eldavélar, þurrkarar, bökunarofnar, uppþvottavélar o.fl.

Athugið að kælitæki fara í annan flokk.

Hægt er að skila nothæfum tækjum til endurnotkunar í gám Góða hirðisins nr. 18.



Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

 Í gám nr. 7 ● Gjaldfrjálst

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

Einnig er bent á viðurkennda móttökuaðila raftækja. Nánari upplýsingar er að finna á vefsetri Umhverfisstofnunar, ust.is, eða með því að hringja í skiptiborð stofnunarinnar.

Hvað verður um efnið?

Tækin eru tætt í sundur hjá viðurkenndum vinnsluaðilum. Efni hættuleg umhverfinu eru flokkuð frá og meðhöndluð

með viðeigandi hætti. Endurvinnsluefni, t.d. málmar, eru flokkuð frá og komið í réttan farveg.

KÆLITÆKI



Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fara öll kælitæki, frystiskápar og frystikistur.

Hægt er að skila nothæfum tækjum til endurnotkunar í gám Góða hirðisins nr. 18.



Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

 Í gám nr. 17 ● Gjaldfrjálst

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

Einnig er bent á viðurkennda móttökuaðila raftækja. Nánari upplýsingar er að finna á vefsetri Umhverfisstofnunar, ust.is, eða með því að hringja í skiptiborð stofnunarinnar.

Hvað verður um efnið?

Kælitæki eru meðhöndluð hjá viðurkenndum vinnsluaðilum þannig að kælimiðli, s.s. freoni, er tappað af kælikerfi (ísskáps eða frystiskáps/-kistu) í lokuðu umhverfi til að fanga skaðleg efni. Kælipressa er síðan fjarlægð

og olíu tappað af henni. Þá eru tækin tætt og í því ferli aðskilin málmur, harðplast og frauðeinangrun. Efni eru síðan endurunnin eða þeim eytt á viðeigandi hátt.

TÚPUSKJÁIR



Hvernig á að flokka?


Í flokkinn fara allir túpuskjáir, bæði sjónvarps- og tölvuskjáir. **Athugið að flatskjám er safnað sér.**

Hægt er að skila nothæfum tækjum til endurnotkunar í gám Góða hirðisins nr. 18.



Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

 Í gám nr. 15 ● Gjaldfrjálst

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

Einnig er bent á viðurkennda móttökuaðila raftækja. Nánari upplýsingar er að finna á vefsetri Umhverfisstofnunar, ust.is, eða með því að hringja í skiptiborð stofnunarinnar.

Hvað verður um efnið?

Tækin eru tekin í sundur hjá viðurkenndum vinnsluáðilum. Efni hættuleg umhverfinu eru flokkuð frá og meðhöndluð

með viðeigandi hætti. Endurvinnsluefni, t.d. málmar, eru flokkuð frá og komið í réttan farveg.

LJÓSAPERUR




Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fara allar tegundir ljósapera, t.d. flúrperur, sparperur, halogenperur og allar aðrar perur.

Athugið að mikilvægt er að perur brotni ekki þar sem spilliefni geta þá borist út í umhverfið.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

 Í merkt kar hjá gámi nr. 14
● Gjaldfrjálst

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

Einnig er tekið við perum í raftækjaverslunum sem og hjá viðurkenndum móttökuáðilum spilliefna.

Hvað verður um efnið?

Ljósaperur eru teknar í sundur hjá viðurkenndum vinnsluáðilum. Efni hættuleg umhverfinu eru flokkuð frá og

meðhöndluð með viðeigandi hætti. Endurvinnsluefni, t.d. málmar, eru flokkuð frá og komið í réttan farveg.



Hvernig á að flokka?

Í flokkinn fara allar tegundir lyfja. Æskilegt er að lyfin séu í upprunalegum umbúðum, þar sem réttar merkingar auðvelda flokkun og stuðla að öruggri eyðingu þeirra.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Ekki tekið við!

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við nema:

Lyf (vnr. 1213418)

Einungis er tekið á móti lyfjum sem leyfilegt er að urða frá viðurkenndum starfsleyfisskyldum aðilum.



Gjaldskylt (kr/kg)

Tekið er við lyfjum endurgjaldslaust í öllum apótekum. Einnig er hægt að skila lyfjum til viðurkenndra móttökuaðila spilliefna. Nánari upplýsingar er að finna á vefsetri Umhverfisstofnunar, [ust.is](#), eða með því að hringja í skiptiborð stofnunarinnar.

Hvað verður um efnið?

Lyf eru flokkuð hjá viðurkenndum móttökuaðilum og komið til öruggrar eyðingar.

ÓFLOKKAÐUR ÚRGANGUR

Hvernig á að flokka?

Í flokkinn eru skráðir farmar sem innihalda óflokkaðan úrgang og þarfnast meðhöndlunar í móttöku- og flokkunarstöðinni í Gufunesi áður en hægt er að koma viðkomandi efnum í réttan farveg.

Athugið að hagkvæmara er þó að koma með flokkaðan úrgang, því þetta er dýrasti flokkurinn!

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Ekki tekið við!

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Óflokkaður úrgangur – frá einstaklingum, verslunum o.þ.h. (vnr. 1403020)



Gjaldskylt (kr/kg)

Óflokkaður úrgangur – af byggingarsvæðum (vnr. 1403017)



Gjaldskylt (kr/kg)

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

Hvað verður um efnið?

Efni eru flokkuð á gólfi móttöku- og flokkunarstöðvar SORPU í Gufunesi og komið í réttan farveg.

Greiðum fyrir skil

- á bylgjupappa og plasti í móttöku- og flokkunarstöð



Greitt er fyrir skil á bylgjupappa og filmuplasti í móttöku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi ef magnið fer yfir 250 kg í almanaksmánuði (125 kg ef filmuplastið er ólitað og óáprentað).

SORPA
ÁRANGUR Í UMHVERFISMÁLUM

